

Nd.

412. Nefndarálit

um frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningunum fyrir árin 1914 og 1915.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin fhekk eigi tillögur endurskoðenda Alþingis til úrskurða á landsreikningnum fyrir árið 1915 fyr en um síðastliðin mánaðamót, og hefir henni því eigi verið unt að koma fram með álit sitt fyr en nú, jafnvel þótt hún hafi haldið fundi um málið á hverjum degi og skift með sjer verkum og unnið eins ósleitilega og frekast hefir verið unt. Landsreikningurinn fyrir þetta ár hefir eigi verið fullgerður hjá stjórnarráðinu fyr en seint í febr. þ. á. Svör stjórnarráðsins eru dagsett 28. júní, eða rjett um það leyti, sem Alþingi átti að koma saman, og tillögur yfirskoðunarmanna eru dagsettar 21. f. m., eða um 3 vikum eftir að Alþingi kom saman. Er þetta svo seint, að eigi er viðunandi, og býst nefndin fastlega við, að slíkt komi eigi oftar fyrir.

Eftir því, sem ráða má af athugasemdum yfirskoðunarmanna, verður að álita að þeir hafi farið mjög nákvæmlega gegnum reikningana, og sumstaðar virðast þeir jafnvel gera athugasemdir óþarflega nákvæmar eða um atriði, sem eigi eru athugasemda verð. Vill nefndin skjóta því til yfirskoðunarmannanna, hvort þeim virðist eigi heppilegt að bera sig saman við stjórnarráðið, áður en þeir láta

prenta athugasemdir sínar, því að svo virðist, sem þeir hafi eigi gert það, en við þá aðferð mundi sennilega athugasemdum fækka nokkuð.

Á sjerstöku þingskjali kemur nefndin með þær tillögur, sem hún vill ráða háttvirtri deild til að samþykkja út af landsreikningunum, og lúta að síðari tímum, en í álitinu þessu mun auk þess verða dregið á nokkur atriði, sem nefndinni þykir eigi ástæða til að deildin geri ályktun um, en tillögur yfirskoðunarmanna þykja gefa tilefni til, að hreyft sje. Breytingartillögur nefndarinnar við frumvarpið verða einnig tilfærðar síðast í nefndarálitinu þessu.

1914.

I. Almennar athugasemdir.

2.

Nefndin sjer ekkert athugavert við hina tvöföldu dagsetningu, sem stjórnarráðið og landsfjehirðir nota; telur hún slíka dagsetningu handbæga og eigi geta valdið ruglingi á neinn hátt.

4.

Nefndin er samdóma yfirskoðunarmönnum um, að landsreikningurinn hafi verið of seint gerður.

5.

Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að hraða hinni umboðslegu endurskoðun sem mest, en til þess mun þurfa aukna starfskrafta eða bætt fyrirkomulag, og er þess að vænta, að ráðuneytið athugi þetta mál.

9.

Þess er vænst, að stjórnarráðið sjái um að vextir, sem landssjóði tilheyra, komi til reiknings, en að því leyti sem slíkir vextir eru framkomnir við að fje, sem hefir verið útborgað stofnunum úr landssjóði og þær lagt á vöxtu lengri eða skemri tíma, eða fje, sem stofnanir hafa innheimt, er sett á vöxtu, virðist mega láta fjármáladeild stjórnarráðsins ráða, hvernig slíkir vextir eru færðir til reiknings.

II. Teknabálkurinn.

12.

Nefndin er samdóma yfirskoðunarmönnum.

49.

Nefndinni þykir rjettast að láta landsstjórnina ráða í hverju einstöku tilfelli, hverja gangskör skuli gera um innheimtur, sem eigi ganga greiðlega, en þess er að sjálfsögðu vænst, að þess sje vandlega gætt, að landssjóður verði eigi fyrir halla að óþörfu.

III. Gjaldabálkurinn.

67.

Það virðist eigi ástæða til að breyta ákvæðum fjárlaganna um borgun til Landsbankans fyrir að gegna störfum landfógeta, þar sem engin sanngirni getur mælt með því að lækka laun landsfjehirðis.

112 og 114.

Greiðslur þær, er ræðir um í þessum tillögum, virðast mjög varhugaverðar, og er þess fastlega vænst, að stjórnin takmarki slíkar greiðslur eftir því sem unt er.

119.

Það mun breyta lagaheimild til að greiða embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs kostnað við slys, er þeir verða fyrir á embættisferðum, en eftir atvikum virðist mega standa við svo búíð, enda er hjer að eins um eitt tilfelli að ræða.

123.

Það virðist eðlilegt, að kostnaður af ferðalögum verkfræðinga vegna nýrra vitabygginga sje talinn með byggingarkostnaði vitanna, og sjest eigi, að ástæða sje til að breyta þeirri venju, sem höfð hefir verið í þessu efni. Um aukin útgjöld eða sparnað getur eigi verið að ræða í þessu.

174.

Nefndin er fyllilega samdóma yfirskoðunarmönnum um, að sjálfsagt sje að útborga eigi styrk til iðnskóla, nema sannað sje fyrir stjórnarráðinu, að stofnun sú, er styrksins beiðist, geti talist iðnskóli.

211.

Eftir upplýsingum, sem nefndin hefir aflað sjer, er athugasemdin röng og svarið rangt, en landsreikningurinn rjettur. Villan í aths. kemur fram við það, að tillag til sýslubókasafns í Mýra- og Borgarfjarðars. er talið 120 kr. í stað 20 kr., og ekki tilfært tillag til sýslubókasafns Vestur-Ísafjarðars., sem var 120 kr.

234.

Með því að hjer er um svo litla upphæð að ræða, sem varið hefir verið til þess að hafa fult gagn af fje, sem áður var lagt fram úr landssjóði til rannsóknar á járnbrautarsvæði, þykir ekki ástæða til að gera sjerstaka tillögu út af þessu.

247 og 250.

(Sjá 1915, 149).

1915.

I. Teknabálkurinn.

7—8.

Það virðist rjett, að gerð sje við hver áramót skrá yfir frimerki þau, sem eru í vörslum stjórnarráðsins og póstmeistara, og fylgi skrá þessi landsreikningnum til yfirskoðunarmanna.

9.

Formaður nefndarinnar hefir sannfært sig um það, að svar ráðherra við þessari athugasemd er rjett. Samkvæmd athugasemdinni og svarinu eru símatekjurnar oftaldar um kr. 10835,10, og verður gerð breytingartillaga við frumvarpið i þá átt að lagfæra þetta.

17.

Endurgoldinn strandkostnaður færast niður um kr. 458.19, og verður gerð breytingartillaga til að lagfæra þetta.

II. Gjaldabálkurinn.

88.

Visast til 1914, aths. 123.

116—117.

Það virðist mega vera óátalið eftir atvikum, að skólastjórinn á Hvanneyri hefir eigi varið fje skólans að öllu leyti eftir tilætlun fjárlaganna, þar sem ætla má, að slíkt sje gert vegna verðhækkunar og því til þess að komast hjá að nota meira fje til skólans í heild en veitt var.

138.

Í fjárl. 1914 og 1915 eru veittar 300 kr. hvort árið til að *gefa út* skýrslur um þjóðmenjasafnið, en þessi upphæð hefir að því er virðist verið borguð bæði árin fyrir að *semja* slíka skýrslu. Um þetta hafa yfirskoðunarmenn gert athugasemd 1915, sem og rjett var, en eigi 1914, og hefir þeim eigi þótt svarið fullnægjandi, því að þeir leggja til, að upphæð þessi (300 kr.) verði fyrir 1915 talin til ábyrgðar.

Það er auðsætt, að ef telja ætti þessa upphæð til ábyrgðar 1915, ber einnig að gera það fyrir árið 1914. En nefndin verður með sjersöku tilliti til orðalags þess, sem viðhaft er í fjárl. 1916 og 1917 um samskonar fjárveitingu, að líta svo á, að eigi sje rjett að telja nefnda upphæð til ábyrgðar.

150.

Í landsreikningnum er skekkja, er nemur kr. 113.29, sem britt. verður gerð um.

149, 163 (og 247 og 250 1914).

Eftir því, sem ráða má af athugasemdum yfirskoðunarmanna og svörum ráðherra, er svo mikill ruglingur á reikningsfærslu landssjóðsverslunarinnar, að eigi má við una. Til þess að kippa þessu í lag, virðist eigi annað fært, en að landsstjórnin láti gera nákvæma reikninga yfir verslun þessa frá byrjun og fái þá síðan, að lokinni umboðslegri endurskoðun, yfirskoðunarmönnum til athugunar, og láti þeir síðan athugasemdir sínar með svörum og tillögum fylgja landsreikningunum.

Samkvæmt framangreindu ræður nefndin hinni háttv. deild til að samþykkja frumv. ásamt till. yfirskoðunarmanna, að svo miklu leyti, sem sjerstakar tillögur eru eigi gerðar, með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Tekjuliður 16 í reikningsdálki færist niður í
kr. 536,752.26.
2. Tekjuliður 26 færist niður í
kr. 13,688.31.
3. Tekjuliður 30 verður
kr. 405,722.43.
4. Útgjaldaliður 14 færist upp í
kr. 1,473,446.28.

Samlagningin bæði í tekjum og gjöldum breytist samkvæmt þessu.

Alþingi, 10. ágúst 1917.

Magnús Guðmundsson,
form. og framsögum.

Gísli Sveinsson,
skrifari.

Þórarinn Jónsson.

Þorsteinn M. Jónsson.

H. J. Kristófersson.